

Lagabreytingatillaga frá Birni Þorfinnssyni, Gunnari Björnssyni, Jóhanni Hjartarsyni, Kristófer Gautasyni og Stefáni Bergssyni

Eftir breytingar hljómi greinar skáklaga um Íslandsmót skákfélaga sem hér segir:

Breytingar þessar taka gildi fyrir keppnistímabilið 2020-2021

3. kafli Íslandsmót skákfélaga

17. grein.

Keppninni skal skipt í **fimm deildir**. Efsta sveit í **úrvalsdeild** er sigurvegari keppinnar. Fjöldi **liðsstiga (matchpoints)** skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í **öllum deildum**, en tvö stig fást fyrir sigur í viðureign sveita og eitt fyrir jafntefli. Verði liðsstig jöfn, skal fjöldi vinninga ráða. Hvert félag á rétt á að senda svo margar sveitir til keppinnar sem það óskar. Þó mega ekki vera **fleiri en ein sveit frá nokkru félagi í úrvalsdeild**. Þó er félögum sem hafa með sér svæðissamband, heimilt að sameinast um eina eða fleiri sveitir. **Átta skákmenn tefla í sveitum í úrvalsdeild en sex í öðrum deildum.**

Tefld er tvöföld umferð í úrvalsdeild en einföld umferð í öðrum deildum.

18. grein.

Sex sveitir skulu vera í úrvalsdeild, átta sveitir í 1.-4. deild Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka sveitum í þriðju og fjórðu deild þyki henni ástæða til. **Efsta sveit fyrstu deildar** og tvær efstu sveitir 2.-4. deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils en neðsta sveit úrvalsdeildar og tvær neðstu sveitir 1.-3. deildar færast niður.

Sérákvæði sem gildir tímabilið 2019-20

Deildirnar keppnisárið 2020-21 verði skipaðar miðað við lokaniðurstöðuna 2019-20 á eftirfarandi hátt:

- Úrvalsdeild: Sex efstu sveitir 1. deildar .
- 1. deild: Sveitirnar úr 7.-10. sæti í 1. deild og í 1.-4. sæti í 2. deild
- 2. deild: Sveitirnar úr 5.-8. sæti úr 2. deild og 1.-4. sæti úr 3. deild
- 3. deild: Sveitirnar úr 5.-12. sæti úr 3. deild
- 4. deild: Aðrar sveitir

19. grein.

Aðeins þeir sem eru í Keppendaskrá SÍ teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga (fyrrri - og seinni hluta). Þó eru þeir skákmenn sem eru án **alþjóðlegra kappskákstiga** og án félags undanþegnir því að þurfa að vera í Keppendaskránni.

Tilkynning skákmanns skal hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga ella getur hann ekki teft fyrir sitt nýja félag í því. **Tilkynning um sameiningu félaga skal berast innan sama frests.**

Athugasemdir vegna Keppenda-skrárinnar skulu hafa borist Sí viku fyrir mót og Sí að úrskurða í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Eftir fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga er skákmönnum með lögheimili á Íslandi og Íslendingum sem eru búsettir erlendis án lögheimils á Íslandi heimilt að ganga í taflfélag og tefla fyrir nýja taflfélagið sitt í seinni hlutanum, að því gefnu að hann hafi ekki teft fyrir gamla taflfélagið sitt í fyrri hlutanum. Til að skákmenn teljist löglegir með hinu nýja félagi skulu slíkar breytingar vera tilkynntar 20 dögum fyrir síðari hlutann.

20. grein.

Keppendur skulu vera skráðir í keppendaskrá Skáksambandsins sem félagsmenn þeirra taflfélaga sem þeir tefla fyrir. Raða skal keppendum í sveitir og borð eftir styrkleika. Fyrir upphaf 1. umferðar fyrri hluta ÍS skulu félögin skila inn styrkleikaröðuðum lista allra þeirra keppenda sem þau hyggjast nota í keppninni. Ekki er leyfilegt að breyta þeirri röð eftir að keppni hefst. Keppandi getur flust upp eða niður um sveit hvenær sem er keppinnar en heildarröð keppenda verður að haldast. Komi lið ekki til keppni án ásættanlegra orsaka að mati skákstjóra tapar það skákum á öllum borðum. Komi slíkt fyrir tvisvar skal liðið dæmt úr keppninni. **Í hverri sveit mega að hámarki vera þrjú erlendir ríkisborgarar**, nema að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi síðustu 12 mánuði fyrir keppni.

21. grein.

Stjórn Skáksambandsins skal árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögsmæti keppenda ef beiðni um athugun á lögsmæti viðkomandi liggur fyrir eða ef kæra berst mótsstjórninni. Beiðni um athugun og/eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd innan 48 tíma eftir að umferð lýkur í þeirri umferð sem ólöglegur keppandi telst hafa teft í. Mótsstjórn skal kynna framkomna kæru eða beiðni því félagi sem teflir fram keppandanum og gefa félaginu stuttan frest til að koma fram andmælum. Úrskurður skal liggja fyrir innan 48 tíma frá því að athugun og/eða kæra barst. Úrskurðir Mótanefndar skulu rökstuddir og afrit þeirra afhent báðum málsaðilum innan klukkustundar eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp. Ef keppandi er úrskurðaður ólöglegur, skal viðkomandi viðureign tapast 2-6 lið minnsta þegar um er að ræða 8 manna lið en 1,5-4,5 þegar um er að ræða 6 manna lið. Tapist viðureignin hins vegar enn stærra standa þau úrslit og skal skák ólöglegs keppenda ávallt teljast töpuð. Úrskurði mótsstjórnar má skjóta til Dómstóls Sí og skulu slík erindi hafa verið send Dómstólnum innan þriggja sólarhringa frá því að úrskurður Mótanefndar lá fyrir. Dómur Dómstóls S.Í. skal liggja fyrir eigi síðar en 5 sólarhringum eftir að erindið barst. Skákstjóri úrskurðar um önnur vafaatriði.

Rökstuðningur

Tillagan byggir á mjög miklu leyti á tillögu Halldórs Grétars Einarssonar fyrir aðalfund SÍ 2015. Þeirri tillögu var vísað til stjórnar af aðalfundinum. Rökstuðningurinn er einnig að mörgu leyti byggður á greinargerð Halldórs sem fylgdi tillögunni þá. Svipaðar tillögur hafa komið fram síðar en aldrei verið teknar til efnislegrar afgreiðslu

Helstu breytingar

- Efsta deildin heiti úrvalsdeild
- Deildum fjölgað í fimm
- Í úrvalsdeild verði sex lið og tefld tvöföld umferð
- Aðrar deildir verði með átta liðum – nema þá neðsta deildin
- Liðsstig gildi í öllum deildum í stað vinninga
- Almennung samræming á fyrirkomulagi – þó að úrvalsdeildin verði öðruvísi
- Lagfæring á texta í samræmi í 19. grein þar sem tekið er tillit til nýlegra dóma dómstóls SÍ

Mikilvægt er að hafa í huga að breytingin tekur ekki gildi fyrir en að loknu keppnistímabilinu 2019-2020. Öll núverandi lög gilda um þá keppni.

Hér er farið yfir breytingar á hverri grein fyrir sig.

17. grein

Þessari grein er breytt umtalsvert. Nýtt fyrirkomulag útskýrt.

- Úrvalsdeild tekin upp og deildum fjölgað
- Liðsstig tekin upp í öllum deildum. Það er í samræmi við þróun alls staða í heiminum. Eykur spennu og gerir keppnina taktískari.
- Kvaðir settar á aðeins ein sveit frá hverju félagi geti verið í úrvalsdeild
- Sett í lög að átta skákmenn tefli í úrvalsdeild en sex í öðrum. Hefur hingað til bara veri í reglugerð.

Lagt er til að deildum verði fjölgað úr fjórum í fimm og efsta deildin fái heitið Úrvalsdeild. Það er í samræmi við það sem hefur verið gert í flestum öðrum íþróttagreinum.

Lagt er til að b-sveitir fái ekki sæti í úrvalsdeild. B-sveitir hafa verið í gegnum tíðina umdeildar og að margra mati skekkja þær samkeppnisstöðu á milli þeirra félaga sem hafa b-sveitir í efstu deild og hinna.

Ekki er tekin afstaða til þess í tillögunni hvort keppnin í úrvalsdeild verða tefld á tveimur eða þremur helgum heldur lagt í hendur stjórnar SÍ. Líklegast verður þó að teljast að þriðju helginni verði bætt við fyrir úrvalsdeild.

18. grein

- Farið yfir fjölda liða í hverri deild
- Útskýrt hvernig sveitir flytjast á milli deilda
- Yfirlit hvernig yfirfærslan fer fram 2020-21 fer fram

Kosturinn við sex liða efstu deild er að sveitirnar verða jafnari að styrkleika sem þýðir fleiri spennandi viðureignir, fleiri jafnari skákir og meiri spennu í toppi og botni deildarinnar. Einnig aukast áfangamöguleikar mikið við þessa breytingu. Bæði nýtast titilhafar tvöfalt fyrir hvern og einn áfangaveiðara (tvöföld umferð) og svo myndast möguleikar á áfanga í 2-9 umferð og 1-10 umferð til viðbótar við núverandi 1-9 umferða áfanga.

Eins veit flyst á milli úrvals- og fyrstu deildar en í öðrum tilfellum flytjast tvær sveitir.

19. grein.

Smávægilegar tæknibreytingar.

Ákvæði skýrt að miðað sé eingöngu við alþjóðleg skákstig – en ekki skákstig. Það er gert vegna þess að íslensk skákstig eru ekki lengur reiknuð.

Sett in ákvæði að sameiningar félagar þurfi að tilkynna með sama fyrirvara og félagaskipti.

20. grein

Sett inn ákvæði sem fækkar útlendingum niður í 3 (nú helmingur) í hverri sveit. Málamiðlun á milli margvíslegra sjónarmiða. Sumir hafa viljað hafa 2 en aðrir miða við 4.

21. grein

Engar breytingar

Verði tillagan samþykkt verður reglugerðum breytt í samræmi við breytt lög.